

**Ed.**

## **461. Tillaga til þingsályktunar**

[281. mál]

um hagnýtingu Seðlabankahúss.

Flm.: Eyjólfur Konráð Jónsson, Eiður Guðnason, Stefán Benediktsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera athugun á því hvernig æskilegast sé að nýta svonefnt Seðlabankahús. Sérstaklega verði athugað hvort það gæti hentað fyrir Stjórnarráð Íslands.

Framkvæmdir við bygginguna verði stöðvaðar meðan athugun þessi fer fram og hefjist ekki að nýju fyrr en Alþingi hefur ákveðið hvernig hagnýta beri húsið.

### **Greinargerð.**

Tillaga þessi til þingsályktunar var flutt á síðasta þingi en var ekki fullrædd. Henni fylgdi þá svohljóðandi greinargerð:

„Breytingar á peningamarkaði í lýðfrjálsum löndum eru svo örur að alls staðar nema hér hafa menn horfið frá kenningunni um „stjórn peningamagns í umferð“, enda stenst hún ekki í nútímaþjóðfélagi. Þannig segir Jóhannes Nordal seðlabankastjóri í tímaritinu *Frelsinu*, 2. hefti 1983, þar sem hann svarar spurningum ritsins um hugmyndir Hayeks og Buchanans, m. a. um það, „að teknar séu í stjórn lög ýmsar takmarkanir á valdi stjórnmalamanna til seðlaprentunar...“:

„Einnig er rétt að benda á það, eins og margir hafa gert, hversu erfitt muni reynast að skilgreina í stjórnarskrá merkingu þeirra hugtaka, sem hér er um að ræða. Þótt peningamagn sé t. d. hugtak, sem allir hagfræðingar nota, er nákvæm skilgreining þess varla hugsanleg, svo að óyggjandi sé. Þar að auki hefur eðli peningamagnsins tekið sífelldum breytingum, eftir því sem greiðsluvenjur og greiðslutækni hefur breyst. Það er jafnvel hugsanlegt, að næsta kynslóð eigi eftir að lifa í allt að því seðlalausum þjóðfélagi, og hvaða gildi hefðu þá þær takmarkanir á seðlaprentun, sem settar væru í stjórnarskrá við núverandi aðstæður?“

Lokatilraun er nú gerð hér á landi til að viðhalda — og jafnvel auka — ofstjórnina í peningamálum, og meira að segja talað um að frysta allt að 43% sparifjár þjóðarinnar og skammta það síðan. Sú stefna hlyti að leiða til þess að það frjálsræði og jafnrétti í peningamálum, sem nú er í sjónmáli, yrði kyrkt í fæðingunni og óstjórnin héldi áfram enn um skeið. Árangurinn, sem nú hefur náðst eftir að menn loks hættu að láta vextina elta verðbólgu og sneru sér að því að ná henni niður fyrir vaxtafótinn, mundi þá glatast, en við slíkt yrði auðvitað ekki unað til langframa. Þess vegna verður hlutverk Seðlabankans allt annað og minna en áður og því verða þar miklu minni umsvif þótt bankanum yrði falið að taka við nokkrum verkefnum þegar Framkvæmdastofnun ríkisins verður lögð niður. Af þeim sökum verður að huga að því hvernig hagnýta eigi þá byggingu sem hæfileg var talin meðan menn trúðu á skömmtunarstjórn í peningamálum. Sjálfsagt er þó að Seðlabankinn fái þar hæfilegt húsrými. Hugsanlegt væri einnig að búa þar vel um Ríkisútvarpið, auk bankans og Stjórnarráðsins, enda byggingin æðistór.“

Allt er þetta óbreytt að öðru leyti en því að nú hafa menn húsið fyrir augunum og ofstjórn og óstjórn peningamála fer vaxandi á ný. Árangurinn í viðureigninni við verðbólgu hefur því glatast um skeið. En auðvitað kemur að því fyrr en varir að raunhæfum úrræðum verður beitt til að stöðva óheillaþróunina og treysta efnahags- og fjármálalíf þjóðarinnar.